



**Dagsveifla Blöndu VHM 54**

**Sigurjón Rist, Þorvarður Ingi Þorbjörnsson**

**Greinargerð SR-ÞIP-82/06**

## DAGSVEIFLA BLÖNDU.

vhm 54

Á sönnum vordegi vex Blanda niðri í Langadal síðari hluta dagsins. Hún nær ekki hámarki fyrr en um og eftir miðnætti. Kolmórauðir leysingalækir Langadalsfjalla draga nokkuð af sér er líða tekur að náttmálum, en Blanda sjálf heldur áfram að drýggjast. Hvað veldur? Svárið er ofureinfalt, heiðavatnið er seinna á ferðinni, það á lengri leið.

Þegar líða tekur á voríð er leysingjabylgja Blöndu stöðugt seinna og seinna á ferðinni. Ástæðan er einfaldlega sú að þungamiðja leysingasvæðisins færir stöðugt lengra og lengra inn í landið, en útheiðalönd taka að þorna. Í júlímánuði hefur þungamiðja leysingasvæðisins færst allt til Hofsjökuls. Það er ekki fráleitt að gera ráð fyrir að hún sé eina 10-15 km inn á jöklinum, á heiðalöndum er þá vart snjódíll í venjulegu árferði. Það er ekki nóg með það, að leysingabylgjan á nú 130 km leið til hafs, hitt er ekki síður athyglivert að í raun hefur Blanda breyst úr völdugri dragá í skolugt jökulfljót.

Áður en lengra er haldið við að útskýra dagsveiflur Blöndu er áriðandi að gera sér grein fyrir vegalengdum eftir farvegi árinna.

Ef mælt er frá sjó eru vegalengdirnar þessar:

Ármót við Svartá.....	27 km
vhm 54, brú Blöndudal.....	31 km
Guðlaugsstaðir.....	36 km
Ármót við Gilsá.....	38 km
Ármót við Sandá.....	65 km
Ármót við Seyðisá.....	95 km
Jökuljaðar (meðaltal).....	120 km
10 km inn á jökli.....	130 km

Til að gera flókið mál einfalt, er rétt að ganga út frá því, að eftir að leysing hefst, sé hún í hámarki á hverju leysingasvæði kl. 16.

Þetta er að vísu nokkur einföldun, en kemur þó ekki að sök, þegar leitað er að aðalatriðum er varða dagsveiflur.

Aftur á móti er þyngra á metunum samspil þveránna, hvenær þær "hlaupa fram" sem kallað er. Flóðtoppur aðalvatnsfallsins getur af þeim sökum hnýkast til allóreglulega. Engu að síður skal sleppt að greina frá lengdum og stærðum þveránna, látið nægja að lesandinn muni:

Þrettán kvíslar í Þegjanda  
þegjandi í Beljanda,  
Beljandi í Blöndu þá,  
Blanda rennur út í sjá.

Nú er rétt að láta síritandi vatnshæðarmælinn (vhm 54) segja okkur  
tölfræðilega hvenær á sólarhringnum hámark leysingadagsveiflunnar fer  
um hjá brúnni í Blöndudal. Lauslegar athuganir hafa sýnt að hámarkið er  
að sumrinu 9-10 klst. síðar niður hjá Blönduósi.

BLÖNDUBRÚ EFRI (Syðri-Langamýri)

Sá tími sólarhringsins (klukkustund) þegar toppar og lögðir dagsveiflu-  
nnar vor-og sumarmánuðina skilar sér fram við brúna.

	Apríl	Mái	Júní	Júlí	Ágúst
Hámark dagsveiflu	20 <sup>x)</sup>	01	07	12	10
Lágmark dagsveiflu	11	16	22	03 <sup>xx)</sup>	01 <sup>xx)</sup>

B L Ö N D U Ó S

klukkustund

	Apríl	Mái	Júní	Júlí	Ágúst
Hámark	01	07	16	22	20
Lágmark	14	20	6 <sup>xx)</sup>	13 <sup>xx)</sup>	11 <sup>xx)</sup>

x) Hér skilar toppurinn sér á sama sólarhring og bráðnun átti sér stað,  
annars skila topparnir og lögðirnar sér venjulegast á fyrsta sólar-  
hringnum á eftir.

xx) Þessar lögðir koma fram á öðrum sólarhringnum eftir að tilheyrandi  
toppur á undan varð til við bráðnun.

Skýrum þetta nánar með dæmi.

Daginn X í júlímánuði er leysing í hámarki inn á Hofsjökli kl. 16.  
Kl. 12 daginn eftir þ.e.a.s. daginn(X+1) nær dagsveiflan hámarki hjá  
vatnshæðarmælinum, sjá töfluna. Vatnið hefur verið 20 tíma á leiðinni  
130-31 ~100 km.

Vatnshraðiinn er samkvæmt því um 1,4 m/s. Lægðin (öldudalurinn) kemur

loks 15 klukkustundum síðar og þá er kominn dagurinn (X+2). Um hásumar er Blanda 9 klukkustundir að vaxa en 15 að minnka. Meðalstraumhraði Blöndu í Langadal að sumrinu er nálægt 0,9 m/s. Örsjaldan fer dagsveifla Blöndu yfir 40 m<sup>3</sup>/s hjá vhm 54. Vöxtur árinna á einum sólarhring er æðioft engu að síður margfalt meiri, en þeim vexti má ekki rugla saman við dagsveiflu, vöxtur Blöndu er þá af öðrum toga spunninn. Í júlí/ágúst er dagsveiflan iðulega nálægt 20 m<sup>3</sup>/s. Áin er þá í lágmarki um 55 m<sup>3</sup>/s, en í hámarki nálægt 75 m<sup>3</sup>/s.

Eins og að líkum lætur í jafn óstöðugu veðurfari eins og er hér á landi, eru frávik frá gefnum reglum bæði tíð og mikil. Stundum hefst dala-og heiðaleysing snemma í apríl, jafnvel í mars, en stöku sinnum hefst hún ekki fyrr en komið er út í júní, samanber árin 1949 og 1979. Samkvæmt tímatali okkar er talið að vorið hefjist með aprílmánuði. Til þess að komist verði hjá því að bæði upphaf og endir þessarar greinargerðar verði helber markleysa, eru lesendur hennar vinsamlegast beðnir að vera vel á verði, því að iðulega er þörf að láta tímasetninguna "apríl og maí" víkja en/<sup>setja</sup> staðinn einfaldlega "vorkoma eða vorveður".

9. nóvember 1982.

Sigurjón Rist

Þorvarður Ingi Þorbjörnsson